



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 13. júlí, 2011

Ákvörðun nr. 26/2011

Samruni Horns Fjárfestingarfélags ehf. og Promens hf.

I

Málavextir og málsmeðferð

Horn Fjárfestingarfélag ehf. (hér eftir Horn) tilkynnti Samkeppniseftirlitinu um samruna Horns og Promens hf. (hér eftir Promens) með samrunatilkynningu, dags. 22. febrúar 2011. Í samrunatilkynningu kom fram að Horn væri fjárfestingarfélag í eigu NBI hf. (hér eftir Landsbankinn). Samrunaaðilar töldu að samruninn félli undir undanþáguákvæði samkeppnislaga sem heimilar að eftirlitinu sé send styttri samrunatilkynning. Þeir sendu Samkeppniseftirlitinu því styttri tilkynningu í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær reglur. Með samrunatilkynningunni óskuðu samrunaaðilar einnig eftir undanþágu frá þeirri reglu að samruni komi ekki til framkvæmda meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann og vísuðu til 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið veitti samrunaaðilum þessa undanþágu með bréfi, dags. 25. mars 2011. Með bréfi, dags. 31. mars 2011, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga nr. 44/2005.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa gagna. Þá hafa starfsmenn Samkeppniseftirlitsins átt fundi með fulltrúum samrunaaðila og rætt við aðra aðila sem tengjast þeim mörkuðum sem málið varðar og fjallað verður um hér á eftir. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur framkomnar upplýsingar og viðhorf þessara aðila skipta máli fyrir athugun þessa máls er þeirra getið í ákvörðuninni.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við Horn hafa leitt til þess að félagið hefur gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessum eru sett skilyrði sem rakin eru í niðurstöðukafla ákvörðunar þessarar.

II

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum yfir fyrirtæki til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum



yfirráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða með öðrum hætti.

Horn er fjárfestingarfélag sem er að fullu í eigu Landsbankans eins og áður segir. Í samrunaskrá kemur fram að Horn sé alhliða fjárfestingarfélag sem fjárfesti í ýmsum atvinnugreinum, jafnt í skráðum sem óskráðum verðbréfum. Félagið sé að jafnaði minnihlutafjárfestir en starfi í nánú samstarfi við meðfjárfesta sem búi yfir sérþekkingu á viðkomandi atvinnugrein. Þegar við eigi sé félagið umbreytingafjárfestir sem beiti áhrifum sínum til að styrkja og umbreyta fyrirtækjum sem það sé hluthafi í. Horn hafi verið stofnað í lok árs 2008 og hafi þá yfirtekið nær allar hlutabréfaeignir í skráðum og óskráðum félögum sem fluttust frá Landsbanka Íslands hf. til Landsbankans (áður NBI hf.). Markmið með stofnun félagsins hafi verið að aðgreina utanumhald vegna fjárfestinga í hlutabréfum frá meginstarfsemi bankans.

Promens er móðurfyrirtæki samstæðu fyrirtækja sem starfa í plastframleiðslu og reka 47 verksmiðjur í Evrópu, Norður-Ameríku, Asíu og Afríku. Meðal vörutegunda sem fyrirtækið framleiðir eru umbúðir fyrir matvæli, snyrtivörur og lyf. Fyrirtæki í eigu Promens beita margvíslegum framleiðsluaðferðum við mótun plasts, s.s. blæstri, hitun og innspýtingu auk hverfissteypu, en í samrunatilkynningu segir að félagið sé einn stærsti framleiðandi á sviði hverfissteypu í heiminum. Promens á tvö fyrirtæki sem starfa á Íslandi, Promens Dalvík ehf. (áður Sæplast, hér eftir Promens Dalvík) og Promens Tempra hf. (áður Tempra, hér eftir Promens Tempra).

Samruninn í máli þessu átti sér stað með þeim hætti að Horn keypti alla hluti Atorku Group hf. í Promens með makaskiptakaupsamningi, dags. 20. febrúar sl. Fyrir átti Horn 11,9% útgefins hlutafjár í A-flokki í Promens og 66,1% hlutafjár í B-flokki í félaginu, en eftir þessi viðskipti og með nýtingu kaupréttar sem kveðið er á um í makaskiptakaupsamningnum mun Horn eiga 93,4% útgefins hlutafjár í A-flokki og allt hlutafé í B-flokki. Eigin bréf Promens séu 5,74% hluta í A – flokki og aðrir hlutir í A – flokki í eigu einkaaðila. Atkvæðisréttur fylgi aðeins hlutum í A – flokki en hluthafar í B – flokki njóti forgangs til arðgreiðslna frá félaginu.

Samrunaaðilar hafa haldið því sjónarmiði fram að umræddur samruni sé ekki liður í fjárhagslegri endurskipulagningu Promens, heldur hafi Horn eignast hlutaféð með makaskiptakaupsamningi við Atorku Group hf. Horn hafi verið stór hluthafi í Promens áður en sá samningur var gerður. Um eignarhald Horns á Promens fari m.a. samkvæmt IV kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem setji eignarhaldi Horns á Promens skilyrði. Samrunaaðilar benda á að Landsbankinn fjármagni Promens ekki nema að litlum hluta en helsti viðskiptabanki samstæðu félagsins sé erlendur banki. Því sé ekki um það að ræða í þessu máli að lánardrottinn sé að eignast fyrirtæki á samkeppnismarkaði. Þá sé starfsemi Promens rekin sjálfstætt frá Landsbankanum og aðgangur Horns að upplýsingum um rekstur Promens samstæðurnnar sé ekki viðtækari en aðgangur hluthafa almennt sem hefur aðkomu að stjórn félags.

Samkeppniseftirlitið hefur litið svo á að makaskiptakaupsamningur Landsbankans við Atorku Group hf. hafi verið einskonar fullnustugerð. Um er að ræða félag í eigu banka sem öðlast yfirráð yfir atvinnufyrirtæki gegn því að afhenda alla hluti sína í seljanda og skuldabréf sem hann á á seljanda. Samkeppniseftirlitið telur því að sömu sjónarmið eigi



að talsverðu leyti við í þessu máli og eiga við í öðrum yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum sem stofnunin hefur fjallað um á undanförunum missirum.

III.

Niðurstaða

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað töluvert um yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum á undanförunum missirum.

1. Umræðuskjal Samkeppniseftirlitsins og úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009

Þann 8. desember 2009 birti Samkeppniseftirlitið umræðuskjal um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Í því kemur fram það mat að það sé neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta að bankar afskrifi eða minnki skuldir rekstrarhæfra fyrirtækja sem eiga í greiðsluferfiðleikum. Bankar verði hins vegar að gera skýra arðsemiskröfu til endurskipulagðra fyrirtækja og gæta að samkeppnissjónarmiðum.

Í umræðuskjalinu er fjallað um skuldavanda íslenskra fyrirtækja og samkeppnisleg álitæfni tengd honum. Er þetta viðfangsefni talið afar mikilvægt og geta haft veruleg áhrif á þróun og uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Samkeppniseftirlitið setur fram í skjalinu sautján kjarnasjónarmið sem það telur að hafa eigi að leiðarljósi við endurskipulagningu atvinnufyrirtækja. Dreginn er lærdómur af reynslu annarra ríkja af áþekktum álitæfnum og jafnframt er gefið yfirlit yfir það hvernig framangreind þátttaka bankanna á samkeppnismörkuðum horfir við samkeppnislögunum.

Á meðal þeirra 17 kjarnasjónarmiða sem fram koma í skjalinu má nefna eftirfarandi:

- Einungis á að koma þeim fyrirtækjum til aðstoðar, sem eiga sér eðlilegar rekstrarlegar forsendur en forðast ber að endurreisa eða halda gangandi óhagkvæmum fyrirtækjum.
- Það er neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta að bankar afskrifi skuldir eða á annan hátt dragi úr skuldabyrði rekstrarhæfra fyrirtækja. Beiting samkeppnislaga á ekki að vinna gegn þessu.
- Bankar verða að gera skýra arðsemiskröfu til endurskipulagðra fyrirtækja og gæta verður fyllsta aðhalds um arðsemi.
- Bankar sem öðlast yfirráð yfir fyrirtæki verða að fást við freistnivanda þeirra sem starfa í fyrirtækinu. Vandinn felst í því að starfsmenn og stjórnendur hafa ekki sama hvata og áður til að reka fyrirtæki skynsamlega.
- Tryggja verður að eignarhald banka raski ekki samkeppni.
- Draga þarf úr hættunni á því að of mikilli skuldabyrði fyrirtækja sé velt út í verð á vöru og þjónustu.
- Bankar eiga að selja endurskipulögð fyrirtæki svo fljótt sem auðið er í gagnsæju ferli, eftir því sem kostur er. Skráning í kauphöll er vænlegur kostur.

Umræðuskjalið var sent til umsagnar hjá hagsmunaaðilum og hafa Samkeppniseftirlitinu borist ýmsar umsagnir frá m.a. Neytendasamtökunum og ýmsum fyrirtækjum og samtökum þeirra, auk umsagna frá viðskiptabönkunum þremur.



Þá ber að líta til þess að þann 21. janúar 2010 birti áfrýjunarnefnd samkeppnismála úrskurð í máli sem varðar samruna Vestia, dótturfélags NBI, og Teymis. Samkeppniseftirlitið heimilaði þennan samruna NBI og Teymis án skilyrða í ákvörðun nr. 34/2009. Síminn sem er keppinautur Teymis kærði niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum í máli nr. 18/2009 *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu* að Samkeppniseftirlitinu hefði borið að setja samrunanum skilyrði þar sem samruninn raskaði samkeppni með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Um þetta segir í úrskurði áfrýjunarnefndar:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar skapast ýmis konar hætta á röskun á samkeppni ef ekki eru settar skorður við langvarandi eignarhaldi lánardrottna á borð við banka að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Sú röskun getur strítt gegn markmiðum samkeppnislaga og þar með hagsmunum neytenda ef fyrirtæki getur athafnað sig á markaði án eðlilegs aðhalds frá lánardrottnum sínum og eiganda. Telja verður að fjárhagslegur styrkur eigandans skipti hér máli og „þol“ hans til að bíða með að fá fjármagn sitt til baka þar til að önnur fyrirtæki á sama markaði hafa eftir atvikum veikst eða helst úr lestinni. Þá er ljóst að ýmis vandamál skapast við hagsmunatengsl banka, sem liggja víða, og þær miklu upplýsingar sem bankarnir búa yfir um samkeppnisaðila og eftir atvikum viðskiptamenn á markaði. Þá verður ekki horft fram hjá því að bankarnir eru stórir viðskiptavinir á þjónustumörkuðum og í núverandi ástandi eru mörg félög þeim tengd. Getur því skapast hætta á óeðlilegum gerningum og misnotkun þeirrar aðstöðu. Þótt það sé til bóta að eignarhlutir í félögum séu í höndum sérstaks dótturfélags banka leysir það ekki allan vanda.“

Taldi áfrýjunarnefnd að unnt væri að draga úr eða koma í veg fyrir framangreind óæskileg áhrif með því að setja samruna af þessum toga skilyrði:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar er nauðsynlegt að fyrirtækjum í eigu bankanna verði gert skylt að starfa eins sjálfstætt og unnt er á eðlilegum rekstrargrundvelli og að þeim verði ráðstafað innan eðlilegs tíma.“

Samkeppniseftirlitið telur ljóst að sambærileg sjónarmið eiga við um yfirtöku Regins á Fasteignafélagi Íslands og þann samruna sem áfrýjunarnefndin fjallaði um í tilvitnuðum úrskurði. Þá er ljóst að þessi úrskurður áfrýjunarnefndar veitir Samkeppniseftirlitinu auknar heimildir til að fylgja eftir með bindandi hætti framangreindu umræðuskjali um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Til þess að meta fyllilega áhrifin af samrunanum er rétt að líta til stöðunnar á þeim markaði sem Fasteignafélag Íslands starfa á. Verður vikið að því hér á eftir.

2. Markaðir sem máli skipta og staða fyrirtækja á þeim

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markaði út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.



Með viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngupjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara eða staðgöngupjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarra vöru eða þjónustu.

Í samkeppnisrétti er landfræðilegi markaðurinn það svæði þar sem samkeppnisskilyrði eru nægjanlega lík til þess að unnt sé að greina þau frá öðrum svæðum í samkeppnislegu tilliti, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008 *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Er hér um að ræða landsvæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á viðkomandi svæði og aðliggjandi svæðum, verðmunur og flutningskostnaður.

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um viðskiptabankamarkað í ýmsum ákvörðunum. Í ákvörðun 50/2008, *Samruni SPRON og Kauppings*, er að finna ítarlega greiningu á viðskiptabankamarkaði. Í þeirri ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að þrjár viðskiptabankar hefðu sameiginlega markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir viðskiptabankþjónustu við einstaklinga og smærri fyrirtækja. Nú er sama starfsemi rekin á Íslandi undir merkjum NBI hf., Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. Telja verður að staða núverandi viðskiptabanka á mörkuðum fyrir hefðbundna bankastarfsemi hér á landi sé í aðalatriðum svipuð stöðu forvera þeirra, sbr. einnig t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2009, *Samruni Kauppings banka hf. og Arion banka hf.*

Eins og áður segir rekur Promens 47 plastverksmiðjur víða um heim og tvær þessara verksmiðja eru starfræktar hér á Íslandi.

Promens Dalvík, sem framleiðir hverfisteyptar vörur, aðallega tvíveggja, einangruð ker (fiskiker) og vörubretti sem notuð eru í sjávarútvegi og fiskvinnslu og einnig í öðrum geirum matvælaíðnaðar. Þessar vörur eru að megni til fluttar út. Einnig framleiðir verksmiðjan rotþrær, olíuskiljur, brunna og fleiri vörur fyrir byggingariðnað og aðra verktakastarfsemi á innanlandsmarkaði. Hjá fyrirtækinu, sem er staðsett á Dalvík, starfa um það bil 40 starfsmenn.

Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum og frá keppinautum á markaði, er Promens Dalvík öflugur framleiðandi fiskikerja hérlendis. Þau ker sem Promens Dalvík framleiðir eru að megni til seld á alþjóðlegum markaði. Á innlendum markaði á Promens Dalvík sér öflugan keppinaut á þessu sviði, Borgarplast hf. í Mosfellsbæ (hér eftir Borgarplast). Upplýsingar sem Samkeppniseftirlitið hefur fengið frá aðilum á markaði benda til þess að Borgarplast hafi up. 75% - 80% markaðshlutdeild á Íslandi á markaði fyrir fiskikör, en Promens Dalvík 20% - 25%. Borgarplast mun hafa viðskiptasamning við Umbúðamiðlun, sem er fyrirtæki sem leigir út fiskikör hérlendis og á megnið af þeim fiskikörum sem íslensk fiskiskip nota. Promens Dalvík flytur á hinn bóginn mun meira út af fiskikörum en Borgarplast. Borgarplast er einnig öflugur keppinautur Promens Dalvík hvað varðar ýmsar



aðrar vörutegundir, s.s. olfuskiljur, rotprær og brunna, sem að mestu eru seldar á innanlandsmarkaði.

Promens Tempra framleiðir vörur úr frauðplasti. Fyrirtækið framleiðir einkum tvær vörulínur. Annars vegar er um að ræða kassa og lok fyrir matvælaíðnað, en þær vörur eru að mestu leyti notaðar við útflutning á ferskum fiskafurðum. Hins vegar framleiðir fyrirtækið einangrunarplast fyrir byggingariðnað. Hjá fyrirtækinu, sem er staðsett í Hafnarfirði, starfa um fimmtán starfsmenn.

Meðal keppinauta Promens í framleiðslu á vörum úr frauðplasti eru Plastgerð Suðurnesja ehf. og Borgarplast. Upplýsingar Samkeppniseftirlitsins benda til þess að Promens Tempra sé einna öflugastur framleiðandi á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar á héraðs og sé stærst í framleiðslu á frauðplasti til húsaeinangrunar og einnig í framleiðslu á einangrunarkössum fyrir matvæli. Helstu keppinautar fyrirtækisins eru Plastgerð Suðurnesja ehf. og Borgarplast. Samrunaaðilar hafa bent á að frauðplast til húsaeinangrunar eigi sér staðgönguvörur á borð við steinull sem framleidd er héraðs. Þá eru m.a. fluttir inn einangrunarkassar fyrir matvæli úr öðrum hráefnum en frauðplasti, s.s. af hálfu Samhentra Kassagerðar ehf.

Promens starfar á ýmsum mörkuðum héraðs eins og að ofan er rakið. Promens Dalvík framleiðir þannig vörur fyrir útgerðarfélög og fiskvinnslur annars vegar og hins vegar m.a. vörur sem notaðar eru í byggingariðnaði. Promens Tempra framleiðir einnig vörur fyrir matvælaíðnaðinn, þ.m.t. útgerð- eða fiskvinnslur og vörur fyrir byggingariðnaðinn. Þessi fyrirtæki eiga sér ýmsa keppinauta. Að mati Samkeppniseftirlitsins má ætla að starfsemi Promens héraðs og samkeppni við keppinauta á Íslandi geti notið þess styrks, sem ætla má að geti fengist af hinni fjölþættu starfsemi fyrirtækja Promens víða um heim, hvað varðar vörupróun og framboð hér á landi. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að taka nánari afstöðu til þeirra vörumarkaða sem mál þetta nær til, m.a. með hliðsjón af niðurstöðu afryjunnarnefndar í framangreindu máli nr. 18/2009.

Að mati Samkeppniseftirlitsins verður að líta svo á að starfsemi Promens Dalvík og Tempra hér á landi hafi sterka stöðu á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfa á héraðs umfram það sem markaðshlutdeildir þeirra gefa til kynna. Þar til viðbótar þarf að nefna hina sterku stöðu Landsbankans, eiganda Horns, á viðskiptabankamarkaði. Telur Samkeppniseftirlitið því að samruni þessa máls valdi umtalsverðri hættu á því að samkeppni á þeim mörkuðum sem Promens Dalvík og Promens Tempra starfa á hér á landi verði raskað. Í ljósi umfangs viðskipta þessara fyrirtækja á mörkuðum hér á landi og í ljósi aðstæðna á markaði telur eftirlitið þó minni ástæðu til að hafa áhyggjur af samkeppnislegum áhrifum samrunans á þá markaði sem Promens Dalvík starfar á, en Promens Tempra.

3. Íhlutun

Af framangreindu leiðir að tilefni er til íhlutunar skv. 17. gr. c samkeppnislaga vegna samrunans. Horn hefur lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f laganna og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar sem felur í sér neðangreind skilyrði sem sett eru fram í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandamál sem stafa af samrunanum.



Við setningu skilyrða almennt er mikilvægt að hafa í huga að fyrirtæki sem tekin eru yfir af bönkum eiga ekki að hætta að keppa eða fara sér hægjar í samkeppni. Slíkt myndi valda almenningi og öðrum viðskiptavinum tjóni á þeim mörkuðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa. Hins vegar verður að tryggja að eignarhald banka leiði ekki til röskunar á samkeppni sökum þeirra sérstöku kringumstæðna sem nú ríkja í atvinnulífi hér á landi. Segja má að þessi samkeppnislegu vandamál felist í grundvallaratriðum í eftirfarandi atriðum í þessu máli:

- Eignatengslum sem kunna að myndast á milli m.a. keppinauta undir yferráðum Landsbankans og dótturfélaga hans.
- Hættu á að viðkvæmar rekstrarupplýsingar um keppinauta yfirtekinna atvinnufyrirtækja sem eru í viðskiptum við Landsbankann berist til þeirra félaga sem hluthafarnir hafa yferráð yfir, þ.m.t. til keppinauta.
- Hættu á að hlutast sé til um að fyrirtæki undir yferráðum Landsbankans beini viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum Landsbankans og útiloki keppinauta þar með frá mikilvægum viðskiptum.
- Hættu á að Landsbankinn mismuni viðskiptavinum sínum þannig að félög undir yferráðum bankans njóti betri viðskiptakjara án þess að málefnaleg sjónarmið búi þar að baki.
- Hættu á að viðkvæmar upplýsingar um fyrirtæki í almennum bankaviðskiptum við Landsbankann berist til keppinauta viðkomandi fyrirtækja.

Til þess að koma í veg fyrir mögulega samhæfingu í viðskiptastefnu atvinnufyrirtækja undir yferráðum Landsbankans og tryggja að þau starfi áfram sem sjálfstæðir keppinautar á markaði telur Samkeppniseftirlitið eðlilegt að Promens verði rekið óháð Landsbankanum eftir því sem kostur er. Telur Samkeppniseftirlitið rétt að kveða sérstaklega á um að Promens Tempra sé rekið sem sjálfstætt félag í ljósi sterkrar stöðu þess félags á þeim mörkuðum sem það starfar á. Hins vegar er að mati Samkeppniseftirlitsins óþarft, með hliðsjón af atvikum málsins, að hafa slíkt ákvæði um rekstur Promens Dalvík.

Tengsl banka og atvinnufyrirtækja geta einnig haft áhrif til þess að atvinnufyrirtækin sem tekin eru yfir eða önnur félög sem vega þungt í útlánasafni bankanna beini viðskiptum sínum hvert til annars. Hagsmunir banka af endurheimt skulda kunna að vera best tryggðir með þessu móti til skamms tíma en að sama skapi væri samkeppni veruleg hætta búin ef bankar kæmu á þennan hátt í veg fyrir að atvinnufyrirtæki tækju ákvarðanir sem eru viðskiptalega skynsamlegastar á hverjum tíma. Ef viðkomandi fyrirtæki eru öflug á sínu sviði getur þetta leitt til þess að keppinautar útilokist frá mikilvægum viðskiptum. Til langs tíma er hag yfirteknu fyrirtækjanna jafnframt best borgið með því að þau starfi með sem eðlilegustum hætti og leitist í sífellu við að gera eins hagstæða samninga og þeim er unnt. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að skilyrðin komi eins og hægt er í veg fyrir þá hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma með því að takmarka aðkomu starfsmanna þeirra samrunaaðila sem hafa með höndum útlánastarfsemi að Promens.

Samkeppniseftirlitið telur mikilvægt að rekstur Landsbankans á fyrirtækjum á sviði plastframleiðslu héraendis verði ekki langvarandi vegna þeirrar mögulegu samkeppnisröskunar sem í honum getur falist.



Íslenskur bankamarkaður er verulega samþjappaður þar sem þrír viðskiptabankar hafa yfirgnæfandi markaðshlutdeild. Stærð bankanna veldur því að þeir búa yfir umtalsverðu magni trúnaðarupplýsinga. Í vissum tilvikum búa einstakir bankar yfir trúnaðarupplýsingum um keppinauta þeirra atvinnufyrirtækja sem þeir taka yfir. Er skilyrðunum ætlað að tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki til hinna yfirteknu fyrirtækja. Jafnframt er lagt bann við því að viðkvæmar upplýsingar berist frá yfirteknum fyrirtækjum til keppinauta eða viðskiptavina þeirra sem kunna einnig að vera í eigu eða í viðskiptum við sama banka.

Í skilyrðunum er að finna ákvæði sem leggur þá skyldu á Landsbankann að taka upp viðvarandi og öflugt innra eftirlit með því að skilyrðin nái markmiði sínu. Ber bankanum að tryggja að óháður aðili innan bankans geti með trúverðugum hætti fylgst með framkvæmd skilyrðanna og gefið Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt. Eftirlit þetta er vitaskuld til viðbótar við hið almenna eftirlit sem Samkeppniseftirlitið hefur með því að fyrirtæki fari eftir ákvörðunum sem teknar eru skv. samkeppnislögum.

Þá er í skilyrðunum kveðið á um að skilyrðin falli úr gildi eða m.ö.o. falli brott þegar Landsbankinn missi yfirráð yfir Horni. Nú mun fyrirhugað að Horn verði skráð á hlutabréfamarkað. Samkeppniseftirlitið telur koma til greina að skilyrði þessi falli úr gildi, eða falli brott, þegar Horn hefur verið skráð á hlutabréfamarkað. Samkeppniseftirlitið mun taka afstöðu til slíkrar óskar Horns eða Landsbankans þegar Horn hefur verið skráð á hlutabréfamarkað, komi hún fram.

IV.

Ákvörðunarorð.

„Kaup Horns Fjárfestingarfélags hf., sem er að fullu í eigu Landsbankans hf., á hlutabréfum í Promens hf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru sett skilyrði fyrir samrunanum. Með setningu skilyrðanna er ekki þörf á að ógilda samrunann:

1.

Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum

1.1

Almennt

Markmið ákvörðunar þessarar er að tryggja að eignarhald Landsbankans á Promens skaði ekki samkeppni og sporna gegn skaðlegum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi bankans á atvinnufyrirtækjum á samkeppnismörkuðum.

1.2

Tryggja skal sjálfstæði Tempra

Tempra skal rekið sem sjálfstætt félag undir Promens og skulu Horn og Landsbankinn ekki hlutast til um starfsemi þess félags. Stjórn Tempra skal skipuð óháðum stjórnarmönnum. Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá Horni, bankanum eða fyrirtækjum sem



bankinn á meira en 15% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldum þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum aðilum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila uppfylla ekki þetta skilyrði. Þrátt fyrir framanritað er starfsmönnum og stjórnarmönnum Promens, öðrum en starfsmönnum eða stjórnarmönnum í Landsbankanum eða Horni, heimilt að sitja í stjórn Tempra.

1.3

Óheimilt er að hlutast til um viðskipti milli Promens og tengdra fyrirtækja

Ef um er að ræða viðskipti á milli annars vegar Promens héraðs, þ.e. Promens Dalvík eða Tempra, og hins vegar keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Promens sem eru eða munu verða, að fullu eða hluta, í eigu Landsbankans eða Horns (nefnd hér eftir tengd fyrirtæki) skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Þá skal viðskiptastefna Promens vera algerlega óháð tengdum fyrirtækjum í eigu bankans og Horns.

Hvorki bankinn né fjárfestingarfélagið skulu hlutast til um viðskipti á milli Promens og tengdra félaga. Er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að Promens beini viðskiptum til tengdra fyrirtækja. Jafnframt er bankanum óheimilt að beita sér fyrir að tengd fyrirtæki eigi viðskipti við Promens.

Landsbankinn skal tryggja að starfsmenn bankans miðli ekki viðkvæmum upplýsingum um starfsemi framangreindra fyrirtækja milli þeirra.

1.4

Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli Promens og annarra viðskiptavina bankans

Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli annars vegar Promens og dótturfélaga þess og hins vegar annarra viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir hans beini viðskiptum sínum til Promens eða að Promens beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

1.5

Landsbankinn og Horn skulu gæta jafnræðis og trúnaðar milli Promens og annarra viðskiptavina bankans

Landsbankinn skal gæta jafnræðis á milli Promens og annarra viðskiptavina bankans. Þannig skal bankinn tryggja að sömu aðilar innan bankans séu ekki viðskiptastjórar (starfsmenn útlánasviða sem bera ábyrgð á útlánum til einstakra viðskiptavina) annars vegar Promens og hins vegar mikilvægra viðskiptavina Promens og birgja sem bankanum er kunnugt um eða keppinauta Promens sem jafnframt kunna að vera í viðskiptum við bankann.



Landsbankinn og Horn skulu með nauðsynlegum aðgerðum tryggja að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn eða Horn búa yfir eða kunna að öðlast síðar um keppinauta eða viðskiptavini Promens og dótturfélaga Promens berist ekki til Promens.

Með sama hætti skulu Landsbankinn og Horn með nauðsynlegum aðgerðum tryggja að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn eða Horn búa yfir eða kunna að öðlast síðar um Promens og dótturfélög þess berist ekki til keppinauta eða viðskiptavina þeirra fyrirtækja.

Tryggt skal að starfsmenn Landsbankans, aðrir en viðskiptastjórar bankans gagnvart Promens hafi ekki meiri aðgang að viðkvæmum upplýsingum um Promens og dótturfélög Promens en nauðsynlegt er til að þeir geti sinnt störfum sínum og viðskiptastjórar bankans gagnvart Promens hafi ekki aðgang að viðkvæmum upplýsingum um samkeppnisaðila félagsins.

2.

Upplýsingagjöf

2.1

Opinber upplýsingagjöf um starfsemi eignarhaldsfélagsins og framkvæmd á skilyrðum

Horn fjárfestingarfélag skal birta að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar á heimasíðu sinni:

- a) Skipan stjórnar Horns, Promens og Tempru.
- b) Skipurit Horns, Promens og Tempru.
- c) Upplýsingar um allar eignir í eigu Horns sem Horn á 10% eða meiri eignarhlut í eða markaðsvirði eignarhlutar Horns nemur 1. ma. kr. eða meira.
- d) Aðkeypta þjónustu fjárfestingarfélagsins frá Landsbankanum.
- e) Meginefni samnings fjárfestingarfélagsins við Landsbankann um fjármögnun félagsins.
- f) Almennar upplýsingar um hvernig fjárfestingarfélagið hyggst tryggja að ákvörðun þessari sé fylgt.

Á heimasíðu Landsbankans skulu birtar upplýsingar eigi síðar en 30. september nk. sem að minnsta kosti útskýra framkvæmd bankans á ákvörðun þessari. Skulu upplýsingarnar vera aðgengilegar á heimasíðu Horns frá 30. september nk. og vera þar aðgengilegar að minnsta kosti jafn lengi eftir þá dagsetningu og skilyrði þessi eru í gildi.

3.

Eftirlit

3.1

Eftirlitsaðili

Landsbankinn skal fela óháðum aðila eða aðilum eftirlit með því að skilyrðum ákvörðunar þessarar sé fylgt. Með óháðum aðila er hér átt við aðila sem ráðinn er af bankanum og kemur ekki með neinum hætti að framkvæmd skilyrða



ákvörðunar þessarar eða starfsemi bankans eða eignarhaldsfélagsins sem tengist skilyrðum ákvörðunarinnar.

Skal bankinn tryggja að viðkomandi eftirlitsaðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt þetta eftirlit með trúverðugum hætti. Skal t.d. tryggt að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef hann telur þörf á því. Skal bankinn upplýsa Samkeppniseftirlitið fyrir 30. september nk. um hvernig framangreint verður tryggt.

Eftirlit samkvæmt 1. mgr. skal að minnsta kosti fela í sér eftirfarandi:

- a) Að gengið sé úr skugga um hvort bankinn, Horn, Promens og Tempra hafi farið eftir ákvörðun þessari. Í því felst mat á því hvort verkferlar bankans, Horns og Promens séu fullnægjandi og hvort farið hafi verið eftir þeim.
- b) Að fylgst sé með því að viðskipti bankans við fyrirtæki á tengdum mörkuðum eða sama markaði séu í samræmi við ákvæði ákvörðunar þessarar.
- c) Að fylgst sé með því að viðskipti Promens/Tempra við Landsbankann og félög í eigu bankans séu í samræmi við ákvæði ákvörðunar þessarar.
- d) Að fylgst sé með því hvort verulegar breytingar verði í rekstri Promens/Tempra, s.s. með sölu tiltekinna rekstrareininga, opnun eða lokun þeirra.

Eftirlitsaðili skv. 1. mgr. skal senda Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt fyrir lok apríl og októbermánaða þar til skilyrði þessi falla úr gildi. Skýrslan skal að minnsta kosti geyma þær upplýsingar og mat sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar.

4.

Brottfall skilyrðanna

Nú missir Landsbankinn yfiráð yfir Horni og þeim félögum sem undir það félag heyra eða Hornmissir yfiráð yfir Promens og skulu skilyrði þessi þá falla í brott. Skal Horn Fjárfestingarfélag gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir slíkum breytingum á yfiráðum með skriflegri tilkynningu.

5.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson